

Bréf þetta er sent íbúum í nágrenni við Leikskólann Hamravelli

Hafnarfirði, 1. júlí 2021

1803160 AME

Efni: Ærslabelgur, Hamravellir

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 29.júní sl. var tekin fyrir umsögn skipulagsfulltrúa varðandi uppsetningu á ærslabelg við leikskólann Hamravellir sem og tilfærslu á staðsetningu.

Við afgreiðslu málsins var bókað „*Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa og leggur til að staðsetning verði færð til innan lóðar samkvæmt meðfylgjandi mynd.*“

Um skilgreint útileiksvæði leikskólans er um að ræða og tilgreint er í gildandi deiliskipulagi heimild til að setja niður einstaka leiktæki á svæðinu. Heimild til framkvæmda var útgefin 2.6.2021. Vakin er athygli á að loft er í belgnum yfir sumartímann frá kl. 9:00-22:00 og ekkert loft er í belgnum yfir vetrartímann.

Hjálögð er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16.6.2021 sem lögð var fram á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 29.6.2021.



Myndin sýnir fyrirhugaða staðsetningu, guli ramminn, innan lóðarmarka leikskólans

Þér er hér með veittur vikufrestur til að skila inn ábendingu á netfangið [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is)  
Miðar er við að farið verði í framkvæmdir í kjölfarið.

Vakin athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og birtast meðal annars nöfn bæjarbúa í fundargerðum nefnda og ráða sem birtar eru á heimasíðu bæjarins.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar



Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar  
Norðurhelli 2  
Hafnarfirði.

Hafnarfirði 16.06.2021.

**Erindi: Bréf íbúa við Fléttuvelli 37-51, vegna uppsettningu á ærslabelg við Hamravelli.**

Með bréfi dags. 13.06.2021 lýsa íbúar við Fléttuvelli yfir óánægju með fyrirhugaða framkvæmd og m.a. vinnubrögð stjórnenda bæjarins í þessu máli.

Umsókn um framkvæmdaleyfi var send skipulagsfulltrúa þann 10.05.2021. Skipulagsfulltrúi undirritar framkvæmdaleyfi þann 02.06.2021.  
Um framkvæmdaleyfi segir í 13. gr. skipulagslaga:

*“Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við skipulagsáætlanir. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.”*

*“Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur **ekki** fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.”*

Fyrir liggur að fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við gildandi deiliskipulag og greinagerð frá 2006.

Í greinagerð gildandi deiliskipulag segir :  
Á bls. 12:

### **3.9 Leikskóli**


Á deiliskipulagssvæðinu er ein lóð fyrir 4-6 deilda leikskóla við Hvannavelli. Byggingin má vera einnar eða tveggja hæða. Skilmálar eru frjálssir innan byggingarreits hvað varðar staðsetningu, form og efnisval. Þó skal staðsetning byggingar hafa það að leiðarljósi að veita sem mest skjól á útileiksvæðum sem og að taka tillit til afstöðu sólar. Hámarks byggingarmagn er 1.100 m<sup>2</sup>. Hluta hverfisverndaðs svæðis norðan við lóð leikskóla er heimilt að nota sem útileiksvæði fyrir leikskóla. Sjá nánar kafla 3.10 um hverfisvernd.

Á bls. 13 segir síðan:

### 3.10 Hverfisvernd

Við nyrðri mörk skipulagssvæðisins er svæði sem nýtur hverfisverndar. Þar er hraunjaðar sem með öllu er óheimilt að raska, sem og flatlendi sem liggur að leikskólalóð til suðurs og að opnu svæði í deiliskipulagi Valla 5 til vesturs.

Í hverfisvernd þessa svæðis felst að einungis er heimilt að leggja stíga um þann sléttlenda hluta þess, þar sem heimilt verður einnig að hafa útileiksvæði leikskóla. Einnig er heimilt að setja niður einstaka leiktæki á þessum hluta svæðisins, enda sé þess gætt að þau falli vel að landi og raski ekki neinum þeim náttúrumyndunum sem eru innan svæðisins. Framkvæmdir þessar eru háðar framkvæmdaleyfi.



Ofangreind hlutamynd úr gildandi deiliskipulagi gerir grein fyrir útsvæði leikskólans þar sem heimilt er að staðsetja leiktæki.

Aðliggjandi deiliskipulag er Vellir 4 frá 2004. Samkvæmt því er gert ráð fyrir opnu svæði við enda tveggja botlangatna við Fléttuvelli. Endar þeirra liggja að opnu svæði og boltavelli sem síðan tengist útivistarsvæði leikskólans við Hvannavelli. Í skilmálum segir um þetta svæði á bls. 9:

### 3.7 Leiksvæði og útivist

Leiksvæði eru tvö annars vegar grenndarvöllur í enda Götu A og hins vegar sparkvöllur austan við byggðina á grænu svæði. Aðkomur að leiksvæðunum eru eftir göngustígum og gangstéttum sem liggja frá húsaagötum allt í kring. Gerð og viðhald leiksvæðanna verður á vegum Hafnarfjarðarbæjar sem jafnframt mun fylla í hættulegar sprungur og gjótur á leiksvæðunum. Frágangur og búnaður á leiksvæðunum er háður nánari útfærslu.

Hverfisvöllur með boltavöllum er á grunnskólalóðinni. Bæði grunnskóla-lóð og leikskólalóð í 2. áfanga Valla munu vera opnar almenningi eftir starfsdag skólanna.

Útivist er hugsuð í græna svæðinu sem gengur frá 1. áfanga Valla í gegn-um miðju deiliskipulagssvæðis 2. áfanga og áfram vestan og sunnan við 4. áfanga. Einnig er mjög stutt út í opin svæði svo sem Grísanesið, Ástjörn o.fl.

### 3.8 Skjólbelti og gróðursetning

Innan deiliskipulagssvæðis á bæjarlandi mun Hafnarfjarðarbær gróður-setja gróðurbelti og götutré á tilgreind svæði sbr. Skipulagsupprátt. Hafnarfjarðarbær mun gróðursetja og annast þessi belti. Markmið gróðursetningarinnar er að búa til umgjörð um byggðina og skapa skjól fyrir ríkjandi vindáttum. Á lóðum spennistöðvar, sparkvallar og grenndarvallar verður kvöð um gróðursetningu skjólbelta, sjá skipulagsupprátt og mæliblöð.



Hlutamynd úr deiliskipulagi Valla 4, sem gerir grein fyrir hvernig boltavöllur/opið grænt svæði liggur upp að útivistarsvæði leikskólans við Hvannavelli.

Af framangreindu er ljóst, að frá upphafi var gert ráð fyrir starfsemi á þessu svæði sem tengist leik og frístund barna.

Með vísan til gildandi deiliskipulags og heimilda í því, var framkvæmdaleyfi fyrir ærslabelg gefið út.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.